

LÖG

um breytingu á lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, með síðari breytingum (takmörkuð ábyrgð hásingaraðila).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: beina vitneskju um að um sé að ræða ólöglega starfsemi eða upplýsingar og, að því er varðar skaðabótaábyrgð, honum sé kunnugt um staðreyndir eða aðstæður svo að ljóst megi vera að um ólöglega starfsemi eða upplýsingar er að ræða.

2. gr.

15., 16. og 17. gr. ásamt fyrirsögnum og 2. másl. 18. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akranesi, 21. júní 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.